



Borgarráð

Húsnæði borgarinnar undir áhugaverð og skapandi verkefni vegna COVID-19 - hugmyndaleit

Óskað er eftir samþykki borgarráðs fyrir því að auglýst verði eftir áhugaverðum skapandi verkefnum í húsnæði borgarinnar sem er í dag ekki í notkun eða að losna. Um er að ræða húsnæði í Gufunesi, Skerjafirði og Bryggjuhverfi.

Greinargerð:

Ákveðnar eignir Reykjavíkurborgar eru ekki í notkun í dag og aðrar losna bráðlega í Gufunesi, Skerjafirði og Bryggjuhverfi. Um er að ræða nokkrar einingar sem hægt væri að nýta sem hluta af viðspyrnu vegna erfiðs efnahagsástands.

Hugmyndafræði verkefnisins er að auglýsa eftir tímabundnum leigjendum á meðan viðkomandi svæði eru í skipulags- og uppbyggingarferli með sambærilegum hætti og var gert á tveimur þróunarreitum í Breiðholti nýverið.

Við val á starfsemi inn í eignirnar verður sérstök áhersla lögð á skapandi greinar, byggja upp og efla nýjar atvinnugreinar og samfélagsleg verkefni. Leitast verður eftir því að ný starfsemi gæði nærumhverfið auknu lífi.

Möguleiki verði á leigu í skemmri og lengri tíma allt en gert verður ráð fyrir að uppsagnarfrestir verði 3 mánuðir og umsækjendur komi með tillögu að leiguverði.

Vinnuhópur borgarinnar mun fara yfir innsendar hugmyndir og koma með tillögur í borgarráð að samstarfsaðilum.

Óli Jón Hertervig